

Vikufréttir

Vika 38 (20.09 – 24.09 2021)

Mánudagur

- ✓ Eineltisteymisfundur kl. 13:30

Þriðjudagur

- ✓ Teymisfundur hjá rýnihóp kl. 14:30

Miðvikudagur

- ✓ Haustjafndægur

Fimmtudagur

- ✓ Alþjóðlegi táknmálsdagurinn

Föstudagur

- ✓

Annað:

Jafndægur er sú stund þegar sól er beint yfir miðbaug jarðar. Þetta gerist tvisvar á ári, á vorjafndægri á tímabilinu 19.-21. mars og á haustjafndægri 21.-24. september. Um þetta leyti er dagurinn um það bil jafnlangur nóttinni hvar sem er á jörðinni, og af því er nafnið dregið. *Tekið af wikipedia*

Spakmæli:

„Ekki reiðast fólki sem getur ekki breyst“

Nemendur og kennarar hrifust af Vlogginu

Í morgun var Vloggið eftir Matthías Tryggva Haraldsson sýnt í Hjálmakletti. Verkið, sem er er skrifað sérstaklega fyrir Þjóðleikhúsið, verður í vetur sýnt á hátt í 20 stöðum á landsbyggðinni fyrir nemendur elstu bekkja grunnskóla. Björn Ingi Hilmarsson leikstýrir verkinu. Persónur verksins eru tvær, Konráð og SIRRÝ, en með hlutverk þeirra fara Þórey Birgisdóttir og Kjartan Darri Kristjánsson.

Verkið er æsileg hugleiðing um vináttu, misgóðar forvarnir og myndbandsveituna Youtube. Sýningunni var vel tekið, jafnt af nemendum sem kennurum. Þjóðleikhúsinu eru færðar bestu þakkir fyrir þessa athyglisverðu sýningu.



Útgefandi: Grunnskólinn í Borgarnesi.

Ábm.: Guðdís Jónsdóttir